

Skipulags- og samgönguráð  
Borgartún 14  
105 Reykjavík Reykjavík

***Bókun íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um staðsetningu bensíndælna í Grafarholti og Úlfarsárdals***

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals 21. mars 2022 fór fram umræðu um staðsetningu bensíndælna í Grafarholti og Úlfarsárdals, sbr. 2. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals lagði fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Grafarholts- og Úlfarsárdals fagnar því að færa skuli bensíndælu við Atlantsolíu frá Ingunnarskóla en beinir því til skipulags- og samgönguráðs að endurhugsa fyrirhugaðan flutning Atlantsolíu frá Kristnibraut á bílastæði við Þjóðhildarstíg með það fyrir augum að finna Atlantsolíu nýjan stað t.a.m. á Vínlandsleið. Ljóst er að bílastæðið annar varla þeirri umferð sem er þar í dag og væri því ekki ráðlegt að bæta bensínstöð þar við. Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals lýsa sig reiðubúna til samtals við borgaryfirvöld um nánari útfærslu.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Miðlæg stjórnsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
*Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar*

Samrit:

Hjálagt: